



Til sveitarfélaga

Reykjavík 6. maí 2022

Tilv.: MRN22030120/6.16

Efni: Stuðningur við sveitarfélög vegna móttöku barna á flóttu frá Úkraínu

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur ákveðið að veita tímabundinn fjárhagslegan stuðning til sveitarfélaga þar sem börn á flóttu frá Úkraínu og fjölskyldur þeirra verða með búsetu til að styðja við móttöku, undirbúning á skólastarfi og virka þátttöku barnanna. Stuðningnum er ætlað að styðja við náms- og félagsleg úrræði sveitarfélaga fram að skólabyrjun haustið 2022. Við ráðstöfun fjármagnsins verður leitast við að styðja við fjölbreytt úrræði sem mæta þörfum ólíkra aldurshópa barna og ungmenna 18 ára og yngri. Huga skal sérstaklega að ungmennum á aldrinum 16-18 ára og yngstu börnunum. Úrræðin geta meðal annars falist í:

- frístundastarfi,
- íþrótt- og æskulýðsstarfi,
- sumarskóla,
- vinnuskóla,
- námskeiðum í íslensku og íslenskri menningu,
- lífsleikninámskeiðum og -verkefnum,
- samfélagsfræðslu,
- virkni yngstu barnanna.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög geti sótt um fjárhagslegan stuðning sem getur orðið allt að 200.000 kr. á hvert barn á aldrinum 0-18 ára. Fyrri helmingur stuðningsins greiðist í júní (vegna maí og júní) og síðari helmingur í ágúst (vegna júlí og ágúst). Fjármagnið millifærir frá ráðuneyti inn á reikning sveitarfélaga skv. upplýsingum á umsóknareyðublaði.

Áður en seinni hluti stuðningsins er greiddur út þurfa sveitarfélög að senda ráðuneytinu rafræna greinargerð um ráðstöfun á fyrri hluta stuðningsins. Þau þurfa einnig að skila uppfærðum upplýsingum um fjölda og aldursskiptingu barna sem njóta úrræða sveitarfélaga og í hverju úrræðin felast. Nánari upplýsingar um umsóknarferlið, sem verður rafrænt, verða sendar út í lok maí.

Mennta- og barnamálaráðuneytið mun einnig veita sveitarfélögum stuðning með ráðgjöf og námskeiðum um móttöku barna á flóttu. Ráðgjöf og námskeið verða skipulögð í samstarfi ráðuneytisins og Menntamálastofnunar við sérfræðinga háskóla og sveitarfélaga í móttöku barna á flóttu. Nánari upplýsingar um stuðninginn verða sendar sveitarfélögum á næstu vikum.

Ásmundur Daðason

Ásmundur Einar Daðason
mennta- og barnamálaráðherra

